

Ár 2014, þriðjudaginn 26.ágúst, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2014

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X), sem barst siðanefnd 18.febrúar 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þessa að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði ná tilskildum lágmarksaldri. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 26. febrúar 2014 og honum gefinn andmælafrestur til 26.mars. Kærði svaraði með bréfi dagsettu 26.mars og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 12.des 2013 var tíkin XX pöruð við rakkann ZZ hinn 28.ágúst 2013. Hundarnir eru af kyninu Snögghærður Vorsteh og er tíkin í eigu kærða. Við pörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ kveða á um og telur kærandi að við pörunina hafi kærði gerst brotlegur við reglurnar. Kærði svaraði því til að pörun hefði ekki verið áætluð í þetta skiptið en eigi að síður gerðist það og þar eð kærði hefði haft áhyggjur af ungum aldri tíkarinnar hefði hann ráðfært sig við dýralækni, sem hefði sagt honum að tíkin væri meira en nógu þroskuð til að eiga hvolp. Kærða þykir leitt að hafa gerst brotlegur við reglur félagsins, sem ekki hefði gerst áður á þeim 15 árum sem hann hefði verið félagsmaður í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3. ber félagsmanni að:

„Para ekki tik fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands“

Í málinu liggur ljóst fyrir að við pörun hafði tíkin ekki ná tilskyldum lágmarksaldri sem grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ kveða á um og hefur kærði því gerst brotlegur við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins, hann játaði brot sitt skýlaust og kvaðst þykja það leitt að hafa gerst brotlegur við reglur félagsins. Siðanefnd þykir því hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir